

Skipulagsstofnun  
Tinna Jónsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2021  
UST202102-334/B.S.  
10.05.04

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Arnstapavegur í Þingeyjarsveit. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða breytingu á vegtengingu Arnstapavegar og Hringvegar á um 150 m löngum kafla. Framkvæmdinni er lokið.

Framkvæmdasvæðið er innan svæðis nr. 520 á náttúruminjaskrá og er verndargildi svæðisins talið vera: „*Fjölbreytt landslag, stöðuvatn, framhlaup, jökulurðarhólar, hraun og skógur.*“

Um er að ræða færslu heimreiðar þar sem hún liggur um slétta mela og mun hún ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun hefur áður bent á að fjarlægja eigi aflagðan hluta heimreiðar og eldri tengingu við Hringveg.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Ísak Már Jóhannesson  
Sérfræðingur